

Grunnskólinn á Þórshöfn
Þarfagreining/Húsrýmisþörf

September 2025

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Samantekt úr þarfagreiningu	4
Rýmin	5
Bekkjastofur	5
Sérgræinastofur	6
Starfsmannarými	7
Tónlistarskóli	7
Frístund	8
Bókasafn	8
Sérfræðirými	8
Matsalur og eldhús	9
Anddyri	9
Auka rými	9
Félagsrými	9
Húsvarsla og ræsting	9
Lokaorð	10

Inngangur

Markmið þessarar skýrslu er að greina húsnæðisþörf vegna nýs eða endurbætts grunnskóla í Langanesbyggð, með áherslu á að skapa fjölnota húsnæði sem þjónar ekki aðeins nemendum og starfsfólki skólans, heldur samfélaginu öllu í Langanesbyggð. Lögð verður áhersla á að húsið verði miðstöð menntunar og menningar.

Húsnæðið er hugsað sem samnýtt rými þar sem grunnskóli, tónlistarskóli, frístundapjónusta og almenningsbókasafn fá sameiginlegt athvarf. Jafnframt er gert ráð fyrir að matsalur og tengd aðstaða verði hönnuð með fjölbreytta notkun í huga, fyrir samkomur og viðburði af ýmsu tagi, bæði á vegum skóla og íbúa sveitarfélagsins.

Til grundvallar liggur þarfagreining sem unnin var með því heimsækja nýlegar skólabyggingar og safna upplýsingum frá notendum. Niðurstöðurnar eru nýttar til að skilgreina hvaða rými þurfa að vera til staðar, hvernig þau tengjast og nýtast sem best.

Samantekt úr þarfagreiningu

Heimsóttir voru þrír grunnskólar sem teljast nýlegir og þar sem áhersla er á opin rými. Þá var einn grunnskóli heimsóttur þar sem nýlega var byggt við eldri byggingu, þar sem unnið er með heimastofur í bekkjakerfi. Þar sem lokaðar kennslustofur urðu fyrir valinu.

Lesnar voru fræðigreinar og hugmyndum og óskum safnað saman frá starfsfólki og nemendum skólans.

Notendahópurinn samanstendur aðallega af nemendum grunnskóla, tónlistarskóla og frístundar, ásamt starfsfólki allra þessara eininga. Jafnframt mun húsnæðið hýsa almenningabókasafn og rúma ýmsa menningar- og samfélagslegs viðburði.

Heildarfjöldi nemenda í grunnskólanum í dag eru 54 og starfsfólk skólans, tónlistarskólans og bókasafnsins eru 18, (15 stöðugildi).

Húsnæðið er hugsað sem sveigjanlegt, samnýtt og fjölnota rými, með bekkjarstofum sem auðvelt er að tengja saman með felliveggjum og tengdum hópinnurýmum. Sérgræinastofur eins og fyrir listgreinar, smíðar, heimilisfræði, raungreinar og tónlist verða sérhannaðar til að uppfylla kröfur nútímakennslu. Tónlistarskólinn fær einnig aðstöðu með góðri hljóðeinangrun og möguleikum fyrir upptökur. Úr heimilisfræðirýminu og smíðastofunni er hægt að ganga beint út á stétt eða garð til að auka möguleika við kennslu.

Lögd er áhersla á að starfsfólk skóla sé aðgengilegt nemendum og forsjáraðilum. Hvert teymi skólans fær sitt vinnurými en gert er ráð fyrir einu sameiginlegu prent- og ljósritunarrými þar sem ritföng verða einnig geymd og er gert ráð fyrir einni sameiginlegri kaffistofu.

Einnig er gert ráð fyrir frístundaaðstöðu, bókasafni sem nýtist bæði nemendum og íbúum sveitarfélagsins, sérfræðirýmum fyrir stoðþjónustu og viðtöl, félagsrýmum fyrir nemendur og aðstöðu fyrir húsumsjónaraðila og allt sem við kemur ræstingu. Mikilvægt er að hægt sé að loka bókasafni og sal frá öðrum rýmum skólans, en jafnframt tryggja skóla greiðan aðgang að þeim, þar sem þau gætu nýst til samfélagslegrar starfsemi utan skólatíma


Huga þarf að fjölda salerna og geymsluplássi fyrir stærri og minni hluti.

Í kaflanum “Rýmin” eru öll rými listuð upp með nánari lýsingu á hverju þeirra og stærð til viðmiðunar, en eins og segir þá eru þessar stærðartölur aðeins til viðmiðunar.

Rýmiin

Bekkjastofur

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Tvær samliggjandi bekkjastofur með fellivegg og hópinnurými	Auðvelt að opna fellivegg á milli stofa. Hópinnurýmið úr gleri og innangengt úr báðum stofum. Vaskur og bekkur inni í hverri stofu. Bókaskápur eða lítil bókageymsla	65 og 65 Þar af er glerrýmið 15
Tvær samliggjandi bekkjastofur með fellivegg og hópinnurými	Auðvelt að opna fellivegg á milli stofa. Hópinnurýmið úr gleri og innangengt úr báðum stofum. Vaskur og bekkur inni í hverri stofu Bókaskápur eða lítil bókageymsla.	65 og 65 Þar af glerrýmið 15
Þrjár samliggjandi bekkjastofur með fellivegg á milli tveggja og vænghurð á milli tveggja, hópinnurými úr gleri.	Auðvelt að opna fellivegg á milli stofa. Hópinnurýmið úr gleri og innangengt úr stofunum tveimur sem eru með fellivegg á milli. Vaskur og bekkur inni í hverri stofu. Bókaskápur eða lítil bókageymsla.	65 og 65 , glerrýmið þar 15, og svo 40 (þar sem vænghurðin er)
Salerni	Tvö nemendasalarni fyrir hvert stig og eitt starfsmannasalarni á hverju stigi, á gangi, ekki gengið beint inn úr stofum á salerni.	



Sérgreinastofur

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Listgreinastofa	Grunnir og djúpir vaskar, góð lýsing, skápar, þurrkskápar fyrir myndir, 4 saumavélaskápar, útskotsgluggar eða gluggakistur sem hægt er að sitja í. Brennsluofn þarf að vera í sér rými vegna hita	70-80
Smíðastofa	Vélaherbergi með alls konar vélum og ryksugukerfi tengt við allar vélar, vinnuborð, hefilbekkir, skápar, verkfæri, öryggisbúnaður, Huga þarf að því að aðstaða sé til að vinna með járn, plast og rafmagn og einnig að hafa aðstöðu utan við stofuna t.d. hellulagða undir súð til að vinna með grófvinnu/smíði úti, stærri verkefni.	70-80
Heimilisfræðistofa	Þrjár til fjórar eyjur, tvær vinnustöðvar á hverri eyju (6-8 stöðvar), vaskur, helluborð, ofn og gott bekkjapláss á hverri stöð. Búr, pláss fyrir nemendaborð til að borða við, pláss fyrir góðan ísskáp, frysti, uppvottavél á einum stað (ekki á hverri eyju). Svalahurð úr á pall með möguleika á útielddhúsi, hægt t.d. að grilla úti.	70-80
Raungreinastofa	Glerskápar, læstir efnaskáar eða læst geymsla/búr inn af, stálborð, vaskar (grunnir og djúpir), námsborð - Mikilvægt að hafa aðstöðu í litlu lokuðu rými til að setja upp sýnitilraunir eða tilraunir sem hópar geta gengið að hver á eftir öðrum. Getur þá einnig verið geymsla fyrir viðkvæm tæki og efni sem verða að vera íl æstu rými.	50-60

Starfsmannarými

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Skrifstofa skólastjóra	Aðgengileg nemendum, starfsfólki og foreldrum. Í hjarta skólans. Gluggi út á gang sem hægt er að draga fyrir.	
Skrifstofa deildarstjóra/ aðstoðarskólastjóra/ verkefnastjóra	Við hlið skrifstofu skólastjóra, hurð á milli yfir til skólastjóra. Gluggi út á gang sem hægt er að draga fyrir.	
Vinnurými yngstastigs teymis	Gluggi út á gang	20
Vinnurými miðstigs teymis	Gluggi út á gang	20
Vinnurými elstastigs teymis	Gluggi út á gang	20
Sameiginlegt vinnurými/ljósritun/prentun	Hár bekkur, hillur, skápar, ljósritunarvél, ritföng, möppur og fleira. Pláss fyrir eitt borð og stóla.	15-20
Fundarherbergi	Langt fundarborð, ílöng stofa Hafa í huga staðsetningu þannig að ekki þurfi að ganga í gegnum kennslu- og vinnurými nemenda.	
Kaffistofa	Pláss fyrir 20 stóla við nokkur borð, pláss fyrir sófa og eldhúsinnréttingu	40
Salerni	Tvö salerni nálægt skrifstofum og teymisvinnurýmum Eitt salerni nálægt kaffistofu og fundarherbergi Salerni við frístund (salerni við bekkjarstofur, búið að taka fram undir “bekkjastofur”)	

Tónlistarskóli

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Kennslustofa - samspil	Stórt rými fyrir nokkra nemendur sem spila saman og pláss fyrir borð og stóla fyrir tónfræðikennslu. Nálægt matsal, í sömu gólfhæð og mögulegt svið/upphækkun í matsal.	
Skrifstofa kennara		
Vel hljóð einangrað herbergi	Trommur, söngur og upptökur. Gluggi á milli þessa herbergis og skrifstofunnar, sem mun einnig ver upptöku-/framleiðendaklefi. Stór hurð, til að auðvelda flutning á hljóðfærum.	

Frístund

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Stórt aðal herbergi	Auðvelt að skipta í nokkur rými, t.d. að hafa útskot og/eða stofu sem er eins og L í laginu eða þess háttar.	60
Minna herbergi	Glerrými sem gengið er inn í úr aðal herberginu (hóp eða einstakling leiksvæði)	15
	Staðsetning frístundar þarf að vera við matsal því hann er nýttur í síðdegishressingu. Hafa sér vaska til að þvo sér um hendur.	

Bókasafn

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Aðalsvæði fyrir bókakost	Básar, útskot, gluggakistur til að sitja í. Sér inngangur þar sem safnið er almenningsbókasafn og opið utan opnunartíma skólans. Einnig innangengt úr skóla. Hækkun í gólfi/svið, t.d. í einu horni fyrir minni viðburði, gólfpláss fyrir stóla/áhorfendur.	Áttum okkur ekki á fermetrafjöld a
Skrifstofa og vinnusvæði bókasafnsvarðar		
Móttaka og vinnusvæði	Inni í aðalrýminu, eða sér rými inn af rýminu. Skrifstofa og móttaka mögulega sama rýmið	
Geymsla		

Sérfræðirými

Rými	Nánari lýsing	Viðmiðunarstærð í fermetrum
Sérfræðirými, s.s. skólahjúkrun, sálfr, námsráðgjafi, iðjubjálfi	Samnýtt stofa sérfræðinga sem koma að. Pláss fyrir legubekk. Vaskur og bekkpláss, lítill ísskápur. Lítið salerni inn af stofunni. Viðtalsborð.	20-30

Matsalur og eldhús

Rými	Nánari lýsing	VIðmiðunarstærð í fermetrum
Matsalur	Hækkun á gólfi fyrir svið eða pláss til að setja upp svið auðveldlega, þá þarf góða geymslu þar sem sviðinu er rúllað inn. Salurinn verður notaður fyrir ýmsa viðburði, leisýnignar og tónleika.	
Eldhús	Gera ráð fyrir að matur sé eldaður á staðnum	
Skrifstofa/kaffistofa	Inn af eldhúsi	10

Anddyri

Rými	Nánari lýsing	VIðmiðunarstærð í fermetrum
Anddyri	Flokkað eftir stigum/aldri, gert ráð fyrir útiskóm, fatnaði og töskum.	

Auka rými

Rými	Nánari lýsing	VIðmiðunarstærð í fermetrum
Rými 1	Möguleiki á stoðkennslu, ísat kennslu, art þjálfun, auka fundarrými, fjarnámi/kennslu og annað	15
Rými 2	Möguleiki á stoðkennslu, ísat kennslu, art þjálfun, auka fundarrými, fjarnámi/kennslu og annað	15
Útskot/básar á göngum	Rými fyrir nemendur, til setu, vinnu, lesturs.	

Félagsrými

Rými	Nánari lýsing	VIðmiðunarstærð í fermetrum
Félagsrými 1	Aðstaða og geymsla fyrir nemendafélag	20
Félagsrými 2	Þemaherbergi, t.d legó	15-20
Félagsrými 3	Annað, t.d. fyrir foreldrafélag	15

Húsvarsla og ræsting

Rými	Nánari lýsing	VIðmiðunarstærð í fermetrum
Húsvarsla/verkstæði	Aðstaða fyrir húsvörð, tæki og tól	
Geymsla	Geymsla fyrir húsgögn	
Ræstirými	Vaskur/vaskar, bekkur þvottavél og þurrkari Læstur skápur fyrir efni	

Lokaorð

Við vinnu við þessa þarfagreiningu var lögð áhersla á að safna fjölbreyttum gögnum og reynslu, meðal annars með heimsóknnum í nýlegar skólabyggingar og samtölum við notendur. Markmiðið var að fá skýra mynd af þeim rýmum og þeirri starfsemi sem þarf að gera ráð fyrir í nútímalegu og fjölbreyttu skóla- og samfélagshúsi. Með heimsóknunum og viðtölum við notendur var líka leitast eftir að heyra af því sem hefði betur mátt fara við rýmin / hönnun og útfærslu húsnæðis til að komast hjá endurteknum vandkvæðum sem nýtist í áframhaldandi vinnu vegna nýs eða endurbyggingar grunnskólans.

Skýrslan dregur saman þá þætti sem taldir eru mikilvægir fyrir framtíðarsýn grunnskólans, tónlistarskólans, frístundapjónustu og almenningsbókasafns í Langanesbyggð. Hún á að nýtast sem grundvöllur fyrir áframhaldandi hönnunarvinnu og ákvarðanatöku um húsnæðislausnir með þarfir notenda og samfélagsins í fyrirrúmi.

Hilma Steinarsdóttir

Skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn

Steinunn Guðnadóttir

Deildarstjóri stoðþjónustu við Grunnskólann á Þórshöfn

Sigríður Friðný Halldórsdóttir

Formaður fræðslunefndar Langanesbyggðar

Hermann Herbertsson

Byggingarfræðingur frá Faglausn ehf

Gunnar Gíslason

Ráðgjafi frá MSHA